

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. september 2022
UST202208-313/B.S.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Dalvíkurlína. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 31. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda í Friðlandi Svarfdæla.

Fyrirhugað er að leggja Dalvíkurlínu 2 sem er ný tenging alfarið í jörð milli Akureyrar og Dalvíkur.

Innan Friðlands Svarfdæla verður strengurinn lagður með Ólafsfjarðarvegi og um Svarfaðardalsá verður strengurinn líklegast grafinn í árbotninn. Forðast ætti að gera púða fyrir strenginn við ána en við Búrfell II taldi Umhverfisstofnun slík vinnubrögð slæm og féll Landsvirkjun frá þessu verklagi.

Í greinargerðinni kemur fram að reynt verði að hefja framkvæmdir næsta sumar þegar land er sem þurrast og draga með þeim hætti úr slóðagerð. Að mati Umhverfisstofnunar er þetta mjög jákvætt til að draga sem mest úr jarðraski. Reynsla af sambærilegum framkvæmdum hefur sýnt að þegar strengir eru grafnir í laus jarðlög í grónu landi hverfa ummerki fljótt, sérstaklega þar sem vandað hefur verið til verka.

Umhverfisstofnun telur ekki að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Sækja þarf um leyfi til framkvæmda innan Friðlands Svarfdæla til Umhverfisstofnunar. Í umsókninni þarf að gera grein fyrir verklagi innan Friðlandsins og í leyfinu mun Umhverfisstofnun setja skilyrði um verklag, frágang og eftirlit.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur

Björn Stefánsson,
sérfræðingur